Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚLÍ 2017

7. tbl. 20. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Þessi mynd var tekin við Reykjavíkurhöfn um 1930. Í ár eru liðin 100 ár frá því að höfnin var formlega tekin í notkun. Afmælisins er minnst og fjallað um höfnina í ítarlegu viðtali við Gísla Gíslason hafnarstjóra Faxaflóahafna á bls. 4 og 5 og einnig um varðskipið Óðinn í viðtali við Birgi Vigfússon á bls. 8.

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Systrasamlagið
Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367
Erum á Óðinsgötu 1

OPIÐ FYRIR ALLA Í ALLT SUMAR
MATUR OG DRYKKIR Á SANNGJÖRNU VERÐI.
HAPPY HOUR ALLA DAGA KL. 16 - 19, LAUGARDAGA TIL KL. 21.
BRUNCH ALLAR HELGAR KL. 11 - 14.
STÚDENTAKJALLARINN
STÚDENTAKJALLARINN
VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐUR
Háskólatorg
Sæmundargötu 4
studentakjallarinn.is

Reykjavíkur Apótek
Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2
Góð þjónusta – Hagstætt verð
Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16
Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Driscoll's
Only the Finest Berries
Driscoll's berjatilboð
Melabúðin
Þín verslun
Hagamel 39 - Sími 551-0224

Svínakjöt á tilboði!
- helgartilboð úr kjötborðinu Gildir frá 20. til 23. júlí
Opið til kl. 20.00 öll kvöld

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
7. tbl. 20. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Órjúfanlegur hluti Vesturbæjarins

Reykjavíkurhöfn er 100 ára. Fáum blandast hugur um að höfnin hefur sett meiri svip á borgina en annað. Borgin byggðist í raun og veru upp frá höfninni. Teygði sig upp á Landakotstúnið og áfram til vesturs og allt að Ægisíðu. Þannig varð Vesturbærinn til.

Atvinnusaga Reykjavíkur er samofin sögu hafnarinnar. Höfnin varð til þess að hér var hægt að sinna inn- og útflutningi nokkru sem þjóð sem var að stiga sín fyrstu skref frá fortíð til þess nútíma sem við þekkjum þarfnaðist meira en annað. Höfnin varð einnig miðstöð útvegsstarfsemi og með því gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Hlutverk hafnarinnar hefur breyst og aukist jafnt og þétt í áranna rás. Starfssvæði hennar og umhverfi hefur einnig breyst og vaxið í þörf við ný verkefni á hverjum tíma. Bygging Sundahafnar var mikil viðbót við hafnaraðstöðu í Reykjavík og vöruhöfnin var flutt þangað. Síðar var starfsemi flestra hafna við Faxaflóa og rekstur þeirra sameinaður undir heiti Faxaflóahafna.

Þótt starfssvæðið hafi vaxið hefur gamla höfnin stóru hlutverki að gegna. Þar er umtalsverð útvegsstarfsemi og matvælaiðja á heimsvísu henni tengt. Mikið útflutningsverðmæti í formi matvöru fara frá hafnarsvæðinu á erlenda markaði sem fyrr.

Ferðaþjónustan hefur einnig fundið sér farveg á svæði Reykjavíkurhafnar. Þar hafa fyrirtæki sem sinna ferðafólki í formi gistingar og sölu veitinga verið staðsett og það frjóa umhverfi sem höfnin og nágrenni hennar býður dregur til sín fleira og fleira ferðafólk.

Höfnin hefur verið lífæð í sögu Reykjavíkur í eina öld. Ekkert bendir til annars en að sú þóun sem verið hefur haldi áfram. Höfnin setur einnig framvegis sem fyrr svip á borgina og þá einkum Vesturbæinn. Hún er órjúfanlegur hluti hans.

Þúsundir íbúða og hótel í nágrenni flugvallarins

Til íhugunar er að heimila fleiri byggingar í fyrirhuguðu hverfi við Reykjavíkurflugvöll en áður var miðað við. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að fjölga íbúðum á Hlíðarendasvæðinu úr 600 í 780.

Skammt frá stendur til að byggja nýtt hverfi í Skerjabyggð. Þar er gert ráð fyrir að á bilinu 800 til 1.000 íbúðir muni rísa. Verði þeim fjölgað um 30%, eins og gert er ráð fyrir við Hlíðarenda gætu þær orðið um 1.300 á næstu árum. Við þetta má bæta að Háskólinn í Reykjavík er að byggja 500 til 700 manna stúdentahverfi austar í Vatnsmýri. Vestan flugvallarins stendur til að byggja 230 stúdentaíbúðir í Vísindagörðum. Á vegum Reykjavíkurborgar er unnið að undirbúning sölu á svonefndum G-reit vestast á Hlíðarendareitum. Norðan Hringbrautar er síðan áformað að leyfa byggingu 200 herbergja hótels á BSÍ-reitnum.

Umferðarmiðstöðin. Hugmyndir eru um að byggja 200 herbergja hótel á þessu svæði.

Nýir stúdentagarðar við Sæmundargötu

Hafnar eru framkvæmdir við nýja stúdentagarða á svæði Háskóla Íslands. Garðarnir verða staðsettir á lóð Vísindagarða Háskólans við Sæmundargötu. Þar er ætlunin að byggja um 14.700 fermetra hús á fimm hæðum, með um 220 leigueiningum, herbergjum með sér baðherbergi og sameiginlegri aðstöðu, einstaklingsíbúðum og paríbúðum. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið í lok árs 2019.

Gert er ráð fyrir að með þessum nýbyggingum verði unnt að mæta mikilli þörf fyrir námsmannaíbúðir en að jafnaði eru um eitt þúsund manns á biðlista eftir dvöl á görðum og þrátt fyrir töluverða uppbyggingu hafa biðlistar lengst síðustu ár. Í dag eru um 1.200 leigueiningar á stúdentagörðum og hýsa um tvö þúsund manns, þ.e. stúdenta við Háskóla Íslands og fjölskyldur þeirra. Félagsstofnun stúdenta stefnir að því að halda uppbyggingu Stúdentagarða áfram þar til allir stúdentar sem kjósa að búa á görðum eigi þess kost. Markmið félagsstofnunarinnar er að byggja um 600 leigueiningar á næstu fimm árum. Nýju stúdentagarðarnir verða fjármagnaðir að 90% hluta með lánum frá Íbúðalánasjóði en það sem á vantar leggur stofnunin til.

Ragna Sigurðardóttir, formaður SHÍ, Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS, Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík taka fyrstu skóflustungurnar að nýjum stúdentagörðum.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

Vesturbæingar

Styttist ekki í að við fáum nýjan Gullfoss til landsins?

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Reykjavíkurhöfn 100 ára

Ganga þarf um umhverfi hafnarinnar af varúð og virðingu

Reykjavíkurhöfn er 100 ára. Stofndagur hennar var 16. nóvember 1917 þegar hafnarnefndin kom saman á skrifstofu Knud Zimsen borgarstjóra ásamt verkfræðingunum Kirk og Pedersen og ráðunautum hafnarnefndar. Á fundinum náðist samkomulag um þau ágreiningsmál sem uppi voru og tók hafnarnefndin við hafnarmannvirkjunum með nokkrum fyrirvörum frá þeim degi að telja. Nær níu áratugum síðar eða í byrjun árs 2005 tók nýtt hafnarfyrirræki, Faxaflóahafnir sf., til starfa. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Faxaflóahafnir sf. er sameignarfélag í eigu fimm sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Höfnin hefur frá upphafi verið stór þáttur í bæjarmynd og umhverfi gamla Vesturbæjarins. Segja má með sanni að þessi borgarhluti hafi byggst frá höfninni. Í dag er Reykjavík eina höfuðborg Vesturlanda sem hefur höfn þar sem útvegur og fiskvinnsla á sér samastað. Vesturbæjarblaðið hitti Gísla Gíslason hafnarstjóra Faxaflóahafna að máli á dögunum.

Gísli segir að starfsemi Reykjavíkurhafnar sé hluti af Íslandssögunni. Allt frá landnámi hafi verið stundaðar siglingar hingað til lands – margar og merkilegar á hinum ýmsu tímum. Engin raunveruleg hafnaraðstaða var þó í landinu og því notast við það sem náttúran hafi skapað. Oft tók aðstöðuleysið toll og skips- og mannskaðar voru tíðir. Af þeim sökum voru menn farnir að velta fyrir sér hafnargerð í Reykjavík um miðja 19. öld og 1856 hafi var stofnaður sérstakur hafnarsjóður í Reykjavík. Stofnun sjóðsins þýddi þó ekki að hægt væri að hefjast handa með hafnargerðina. Það ver ekki verið fyrr en árið 1913 að hafist var handa við verkið.

Hafnargerðin strandaði fyrst og fremst á fjárskorti

"Þarna strandaði fyrst og fremst á því að erfitt var að fá fjármuni til svo umfangsmikils verks. Hafnargerðin var stærsta verk Íslandssögunnar á þeim tíma og verkfræðilegt afrek miðað við þá kunnáttu og tækni sem til var á þeim tíma. Sjónarmið voru líka skipt og sitt sýndist hverjum um hvort forsvaranlegt væri að fara út í slíka risaframkvæmd. Verslunarmenn þrýstu fast á hafnargerðina enda höfðu orðið mörg stór tjón upp undir landi vegna aðstöðuleysisins þar sem bæði vörur, skip og mannslíf töpuðust í erfiðum veðurskilyrðum. Útgerðin var einnig að breytast og færast til nýrri tíma. Togaraútgerð var hafin og ýmsir athafnamenn töldu að höfnin yrði sá sproti sem mestu varðaði um framtíð borgarinnar og mannlífsins þar sem varð. Ég held að fáum blandist hugur um í dag að höfnin hafi allt frá fyrstu tíð mikil áhrif á þróun borgarinnar og einkum þess hluta hennar sem næst liggur."

Sögulegir atburðir á Miðbakka

Gísli lítur út um glugga hafnarskrifstofunnar eins og hann kallar skrifstofur Faxaflóahafna. Þar blasir Miðbakkinn við og hann lætur hugann reka til baka. "Hér hafa ýmsir sögulegir atburðir átt sér stað. Hér kom sir Winston Churchil á stríðsárunum. Steig af skipsfjöl og stappaði stáli í breska hermenn og Íslendinga. Flugvélar komu og lentu á höfninni. Í því sambandi má minnast Charles Lindberg flugkappa sem kom hingað í ágúst 1933 og höfnin var einnig notuð fyrir farþegaflug á fyrstu árum þess þegar sjóflugvélar eða flugbátar voru notaðir. Síðla árs 1955 kom Halldór Kiljan Laxnes heim með nóbelsverðlaunin með Gullfossi og steig á land á Miðbakkanum. Og þann 21. apríl 1971 kom danska varðskipið Vædderen (hrúturinn) með íslensku handritin og lagðist að Miðbakkanum. Mikill fjöldi fólks tók fagnandi á móti þessum fyrstu íslensku handritum sem voru flutt hingað heim frá Danmörku og margir höfðu búið sig í sitt besta skart í tilefni dagsins. Það tengjast ýmsir bæði menningarlegir og sögulegir atburðir Miðbakkanum og hafnarsvæðinu. Verkamannafélagið Dagsbrún gerði sinn fyrsta kjarasamning við höfnina þegar verið var að jafna kaup hafnarverkamanna. Það var raunar upphafið að þeim ferli sem síðar einkenndist af störfum verkalýðsforingjanna Eðvarðs Sigurðssonar sem jafnan var kenndur við félagið og Guðmundar J. Guðmundssonar. Þá er engin spurning um að tilkoma hafnarinnar og þeirra tækifæra sem þar urðu til styrkti þá þjóðernisvakningu sem hófst með heimastjórninni 1904 og lauk með fullveldisyfirlýsingunni 40 árum síðar eða 1944.

Tími járnbrautanna

Gísli heldur áfram að horfa til baka – allt til upphafs hafnarinnar. "Á sama tíma og farið var að huga að hafnarframkvæmdum var margt að gerast hér á landi. Íslendingar höfðu fengið heimastjórn 1904 og verið var að byggja vegi og brýr, huga að byggingu spítala og hafna. Vonarneisti var vaknaður í landinu og tímabil ákveðinna framara að hefjast. Íslendingar voru á hinn bóginn fátækir af verkfærum til stórra framkvæmda hvort sem var til moksturs eða flutninga. Því voru meðal annar fluttar tveir eimvagnar hingað, af gerðunum Minor og Pioner, og lagðir teinar upp í Öskjuhlíð. Vagnarnir voru síðan notaðir til þess að flytja efni til hafnargerðarinnar. Páll Ásmundsson starfaði við stjórn eimreiðanna þá ungur að árum en hann var fæddur 1894 á Brekkustígnum. Ég flutti smá erindi um höfnina á Hrafnistu fyrir skömmu. Þar hitti ég meðal annars dóttur Páls sem þar býr. Við áttum gott samtal um þessa tíma en störfin við eimreiðina hafa haldið nafni föður hennar á lofti allt til þessa dags. Hins vegar var hætt að nota hana árið 1928 og síðan hefur ekki verið nein járnbraut á Íslandi. Þess má einnig geta að hafnargerðin hafði umtalsverð áhrif á atvinnulífið sem ekki var of gott um þær mundir. Margir sem gengu atvinnulausir fengu vinnu við hafnargerðina."

Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna á hafnarskrifstofunni í Hafnarhúsinu við gömlu höfnina. Hafnarhúsið var reist á árunum 1932 til 1939 fyrir skrifstofur og vörugeymslur Reykjavíkurhafnar og var á sínum tíma ein stærsta bygging í Reykjavík.

Sérkenni sem við verðum að varðveita

Gísli segir útvegur og fiskvinnsla hafi alla tíð verið hluti af starfsemi hafnarinnar og svæðinu um hverfis hana. "Þetta eru séreinkenni Reykjavíkurhafnar sem við verðum að varðveita. Þetta eru ákveðin söguleg borgareinkenni og útvegsstarfsemin þjónar fleiri atvinnugreinum en sjávarútveginum. Ferðaþjónustan nýtur einnig góðs af henni. Höfnin með allri sinni fjölbreytni dregur ferðafólk til sín enda er ýmis konar ferðaþjónusta farin að blómstra á hafnarsvæðinu." Gísli segir að útvegsstarfsemin skipti líka miklu máli fyrir fjárhag hafnarinnar. Hún skapar umtalsverðar tekjur ekkert síður en önnur hafnarstarfsemi. Það hafa líka orðið miklar breytingar og framþróun í sjávarútvegi á síðustu 25 árum eða um það bil. Er við horfum á Örfiriseyna þá megum við ekki gleyma að fiskvinnslan sem er stunduð þar er matvælaframleiðsla á heimsmælikvarða. Íslendingar hafa náð miklum árangri í að framleiða hágæða mat og nú eru framleiddir matarskammtar í milljónatali sem fara til helstu verslanakeðja umheimsins. Það er liðin tíð að við séum að selja frosnar fiskblokkir til stofnanaeldhúsa í öðrum löndum."

Séð yfir Miðbakka við gömlu höfnina. Á miðri myndinni má sjá hús sem byggt var fyrir Skipaútgerð ríkisins á sínum tíma. Ýmsar hugmyndir hafa verið um nýtingu þessa svæðis en Gísli Gíslason hafnarstjóri segir frá sínum bæjardyrum séð komi ekki koma til greina að byggja íbúðarhúsnæði á bakkanum. Húsið er nú í eigu útgerðarfélagsins Brims og mun einkum notað sem geymsluhúsnæði.

Hafnargerðin var stærsta verk Íslandssögunnar á þeim tíma og verkfræðilegt afrek miðað við þá kunnáttu og tækni sem til var á þeim tíma. Sjónarmið voru líka skipt og sitt sýndist hverjum um hvort forsvaranlegt væri að fara út í slíka risaframkvæmd

Nauðsynlegt fyrir höfn að hafa slipp

Gísli segir að ef maður hefði staðið í fjöruborðinu árið 1917 og reynt að segja fyrir um framtíðina hefði á engan hátt verið hægt að sjá fyrir þær breytingar sem orðið hafa á einni öld og engin leið sé heldur fyrir okkur að sjá fyrir hvað muni gerst næstu 100 árin fram til ársins 2127. "Gamla höfnin varð fljótt aðalinnflutningshöfn landsins og var það lengi eða þar til stærstur hluti vöruflutningana var fluttur inn með Sundum og fara nú um Sundahöfn sem er hluti Reykjavíkurhafnar." Gísli bendir á að Slippurinn sé enn starfandi í gömlu höfninni. "Við viljum halda í hann sem lengst. Það er okkar sjónarmið að nauðsynlegt sé að hafa slipp. Skipaviðgerðir eru hluti af þeirri þjónustu sem höfnin þarf að veita. Slippurinn hefur líka aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Það hefur komið glöggt í ljós þegar hótel- og veitingastarsemi fór að skjóta rótum á hafnarsvæðinu. Hótelgestum finnst flestum fátt að því þótt verið sé að skrapa skipskrokka og sjóða fyrir utan hótelgluggann þeirra. Þetta er ný reynsla sem mörgum finnst gaman að upplifa."

Flókið sambýli en hafnarstarfsemin verður að halda velli

Ólíkum atvinnugreinum hefur fjölgað á hafnarsvæðinu á undanförnum árum. Þar má finna auk fiskvinnslu og matvælaiðju margvíslega verslunarstarfsemi, listiðju og sýningarsali, hönnunarhús og tölvuiðnað svo nokkuð sé nefnt auk hótela- og veitingastarfsemi af ýmsum toga. En hvernig hefur svo ólíkum starfsgreinum gengið að deila þessu takmarkaða umhverfi sem mótað er af gömlu höfninni og Örfiriseynni. "Þetta er auðvitað talsvert flókið sambýli ólíkra aðila en að mínu mati hefur það gengið mjög vel. Sagan hefur þróast hratt undanfarin áratug og margar nýjungar hafa skotið rótum á skömmum tíma. Þess vegna verðum við að gæta þess alveg sérstaklega að hafnarstarfsemin haldi velli. Við höfum fullan skilning á því að almenningur þarf að hafa greiðan og góðan aðgang að þessu svæði þar sem svo margvísleg starfsemi fer fram.

Það þarf líka að huga að andrými allrar þeirrar starfsemi sem skotið hefur rótum."

Sjávarklasinn – vettvangur nýsköpunar

Gísli talar um þróunarstarfsemi og nefnir Sjávarklasann sérstaklega í því sambandi. "Þetta er sex ára gamalt fyrirtæki sem hefur heppnast ótrúlega vel. Þar eru um 60 fyrirtæki og stofnanir í ýmis konar hafntengdri starfsemi eiga formlega aðild að samstarfsvettvangi Íslenska sjávarklasans. Fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum stendur til boða að gerast virkur þátttakandi í þessari starfsemi og taka þannig þátt í samstarfsvettvangnum og efla tengsl sín við önnur fyrirtæki og frumkvöðla. Þarna er vettvangur nýsköpunarfyrirtækja til að starfa í gegnum virkt eignarhald og ráðgjöf af ýmsu tagi. Því má bæta við að Íslenski sjávarklasinn rekur Hús Sjávarklasans þar sem yfir 40 fyrirtæki í hafntengdri starfsemi eru saman komin undir einu þaki."

Sir Winston Churchill þá forsætisráðherra Bretlands kom til Reykjavíkur 6. ágúst 1941 og valdist hér daglangt. Hér sést hann ganga frá skipsfjöl við Reykjavíkurhöfn en margir komu til þess að fagna honum. Ísland var á þessum tíma hernumið af Bretum vegna heimsstyrjandarinnar og var koma forsætisráðherrans liður í að stappa stáli í sína menn og Íslendinga.

Togarar við bryggju í Reykjavíkurhöfn en ljóst er að bygging hafnarinnar átti stóran þátt í að togaraútgerð hófst að nýju hér á landi og varð stór atvinnuvegur.

Mikil breyting með tilkomu Faxaflóahafna

Við höfum dvalið nokkuð við fyrri tíð og það afrek sem hafnargerðin var á sínum tíma en hvernig líst Gísla á framtíðina. "Ég get ekkert annað en verið bjartsýnn. Það urðu mikil tímamót þegar Faxaflóahafnir urðu til. Krafa um betri nýtingu fjármuna ásamt meira skipulagi voru hvatinn á bak við sameininguna. Þetta skiptir miklu máli fyrir þróunina næstu áratugi. Ljóst var að ekki væri hægt að auka við starfssvæði Reykjavíkurhafnar nema þá með því að búa til landfyllingar er engar hugmyndir eru um að auka við þær. Af þeim sökum er nauðsynlegt að horfa á allt svæðið umhverfis sunnanverðan Faxflóann og gæta að því hvað gera megi til hagræðingar. Mikilvægt er að búa þannig í haginn að áfram verði byggt á því sem áður hefur verið gert. Það er líka nauðsynlegt að skipulagið sé gott." Gísli segir mikið af verkefnum fram undan. "Siglingar um norðurhöf munu aukast hvort sem verður vegna sjávarútvegs eða vöruflutninga og við þurfum að vera undirbúnir undir vaxandi skipaumferð. Umhverfismálin eru líka mikilvæg. Það eru vaxandi hættur í hafnarrekstri með aukinni fjölbreytni og við erum að vinna að því að fá umhverfisvottun fyrir Faxaflóahafnir. Sú rafvæðing sem nú er að eiga sér stað í samgöngum mun ná til siglinganna að einhverju leyti. Allt útlit er fyrir að á næstu árum fari minni skip að sigla fyrir raforku en þau stærri verði látin ganga fyrir léttara eldsneyti það er fljótandi gasi. Nú er líka til umræðu að banna notkun svartolíu í Norðurhöfum."

Framtíð olíubirgðastöðvarinnar getur ráðist af breyttri orkunotkun

Tal um bann við svartolíu og raf- og gasknúin skip leiðir hugann að olíubirgðastöðinni í Örfirisey. Starfsemi sem ýmsir vilja færa burt úr eynni. Geta það verðið raunhæfar hugmyndir í ljósi þeirrar þróunar sem nú er að hefjast eða hafin. Gísli segir að á einhverjum tímapunkti muni olíubirgðastöðin fara. "Ég tel enn ekki tímabært að tímasetja það. Það er bæði hagkvæmast og einnig mesta öryggið fólgið í að hafa hana sem næst markaðnum þannig að olíuflutningar verði sem minnstir á landi. Það liggur ekki fyrir hvar mætti finna henni stað við núverandi aðstæður en það staðarval yrði að ráðist af hagkvæmni og umhverfismálum. Það er en með vaxandi fjölda rafbíla og jafnvel breytingum á orkunotkun skipa geta aðstæður breyst nokkuð hatt. Nú fer næstum allt flugvélaeldsneyti um Helguvíkurhöfn sem er í næsta nágrenni við Keflavíkurflugvöll sem var mikil breyting. En ég tel að framtíð olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey muni að einhverju leyti ráðist af þeim breytingum sem verða á orkunotkun."

Ganga verður um umhverfi hafnarinnar af varúð og virðingu

Gísli segir að lokum að koma verði góðu skipulagi á Vesturbugtina, Vesturbakkann og Mýrargötusvæðið. "Í því efni tel ég farsælast að taka eitt skref í einu og gæta þess að láta skipulagið virka. Gæta verður þess að byggja ekki íbúðarhúsnæði of nálægt þeirri atvinnustarfsemi sem þar fer fram. Við eigum eftir að sjá breytingar en það er grundvallar atriði að taka eitt skref í einu, fara hægt en láta þær virka. Gamla höfnin er einskonar stofustáss fyrir borgina. Einhvern tíma voru uppi hugmyndir um íbúðarhúsnæði eða blokkarbyggingu á Miðbakkanum. Af minni hálfu finnst mér það ekki koma til greina Höfnin þarf að hafa ákveðið andrými og ganga þarf um umhverfi hennar af varúð og virðingu.

Systrasamlagið

Lífrænt kaffihús með leynigarði



BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlokur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.

FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

VERÐ: 16.400 kr.

MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



SUMARILMURINN 2017

ALLÉGRESSE heldur okkur vakandi í allt sumar.
Lífrænt vottað af Ecocert.
6 tegundir dr Bach ilma fást í Systrasamlaginu.

JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.

Margt barna stundar nám við Melaskóla og eru húsnæðisvandræði þegar til staðar og fyrirsjáanleg á næstu árum verði ekki brugðist við.

Málefni Melaskóla í borgarráði

- undirbúningur er hafinn að viðbyggingu og húsnæðisvandræði komandi vetrar leyst

Borgarráð hefur lagt til að undirbúningur verði nú þegar hafinn að viðbyggingu við Melaskóla enda ljóst að húsnæðisþörf skólans verður ekki leyst til framtíðar án viðbygginga. Borgarráð samþykkti einnig að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhags- og fjárfestingaráætlunar borgarinnar.

Hin tillagan, um að leitað yrði allra leiða til að tryggja skólanum viðbótarhúsnæði fyrir skólabyrjun í haust, var einnig samþykkt en þar er lagt til að ráðist verði í brýnar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur við Melaskóla í sumar og haust, þar með talið málun innanhúss, viðhald og bón á gólfefni og tilfærslur innanhúss samkvæmt óskum stjórnenda og starfsfólks. Þá verði skólanum boðið viðbótarhúsnæði í nágrenni skólans frá og með næsta hausti. Í tillögunni kemur fram að umrætt húsnæði verði til tímabundinnar ráðstöfunar þar til framtíðarlausn verður ákveðin í húsnæðismálum skólans. Þá verði mótaðar tillögur um hvernig megi bæta útiaðstöðu og leiksvæði barna í skólanum meðal annars með því að nýta betur græn svæði í nærumhverfi skólans. Tillögurnar voru fluttar af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins en voru afgreiddar með góðri samstöðu allra flokka.

Framkvæmdir hefjast við hótel á Hörpureitnum

Byrjað að steypa hótelgrunn á Hörpureitnum.

Framkvæmdir eru hafnar við nýtt Marriott-hótel á Hörpureitnum í miðborg Reykjavíkur. Hótelið mun skarta fimm stjörnum og um 250 herbergjum. Gert er ráð fyrir að bygging þess taki skamman tíma.

Vonast er til þess að hótelið taki til starfa fyrir mitt ár 2019. Fjögur tilboð bárust í uppsteypu Marriott-hótelsins á sínum tíma en byggingin verður í eigu bandarískra og íslenskra aðila. Uppsteypa á byggingum mun hefjast innan nokkurra vikna og áætlað að fimm stjörnu Marriott hótel taki þar til starfa í byrjun árs 2019. Þegar framkvæmdum á svæðinu verður að fullu lokið verður byggingarmagnið meira en byggt hefur verið í allri Kvosinni á síðustu hundrað árum eða um 205 þúsund fermetrar bæði ofan- og neðanjarðar.

Þéttasta byggðin er í Vesturbænum

- 109 íbúðir á hvern hektara þar sem þéttast er

Þéttasta byggðin í Reykjavík er í Vesturbænum. Það kemur fram í rannsókn sem unnin var á vegum ráðgjafafyrirtækisins Alta á þéttleika einstakra svæða í Reykjavík. Mestur þéttleiki mældist í gamla Vesturbænum á svæðinu norðan Hringbrautar og austan Hofsvallagötu í þeim borgarhlutum sem skoðaðir voru. Á því svæði eru meðal annars gömlu verkamannabústaðirnir sem reistir voru á fjórða áratugnum. Um 109 íbúðir eru þar á hvern hektara og nýtingarhlutfall er 0,73%. Í fjölmörgum nýrri hverfum er að finna mun minni þéttleika og jafnvel allt niður í sjö íbúðir á hektara. Algengast er þó að þéttleikinn sé í kring um 20 íbúðir á hektara.

Í viðtali sem Vesturbæjarblaðið átti við Gísla Martein Baldursson fyrir nokkur sagði hann að Melarnir og Hagarnir væru með þéttustu borgarhverfum Reykjavíkur eftir að hafa skoðað byggðina. Íbúafjöldinn í þessum tveimur hlutum Vesturbæjarins væri sambærilegur við meðalþéttleika í mörgum borgum í Evrópu. Á þessu svæði væru um 5000 íbúar á hvern ferkílómetra, sem sé svipað hlutfall og sé í þeim borgum Evrópu sem njóti mikilla vinsælda og eftirsótt sé að búa þar. Hann benti á að engin háhýsi séu að finna í þessum borgarhluta en þau eru heldur ekki að finna í borgarhlutanum norðan Hringbrautarinnar. Á Melunum og Högunum er blanda sérbýlis og fjölbýlis, mikið er af grænum svæðum og garðar við nær öll hús auk þess sem finna má þægilegar gönguleiðir í skóla og vinnu og góð nærþjónusta sé á svæðinu. Þétt byggð er forsenda fyrir mannlífi í hverfunum og fólki á förnum vegi, sem aftur eykur svo öryggi íbúa þeirra. Í könnun Alta kemur fram að skipulagsyfirvöld fjórða áratugarins í Reykjavík hafi verið nokkuð framsýn og sótt fyrirmyndir til borga annarra landa eins og Danmerkur en einnig hafi ákveðin nauðsyn ráðið þéttleikanum í gamla Vesturbænum.

Séð yfir gamla Vesturbæinn frá Bakkastíg yfir Vesturgötu í átt að Landakoti. Í fjarska hyllir undir Skuggahverfi og Borgartún. Allt Vesturbæjarsvæðið er þéttbýlt miðað við aðra hluta Reykjavíkur og þéttleikinn einna mestur norðan Hringbrautarinnar.

Við Birkimel vestan Hringbrautar eru fjögurra hæða blokkir með kjallara og herbergjum í risi. Þarna er mikill þéttleiki en engu að síður stórar grænar lóðir á milli blokka og bílastæði fyrir hverja íbúð.

Grillad grænmeti

TÓMATAR

1. Skerið í tvennt og penslið með ólífuolíu, sjávarsalti og pipar.
2. Grillið sárið í 1 mín.
3. Snúið við, setjið pestó og parmesanost yfir.
4. Grillið þar til osturinn bráðnar.

Grillaðu grænmeti eins og meistari
með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

Varðskipin eru hluti af sögu hafnarinnar

Hluti af sögu Reykjavíkurhafnar tengist Landhelgisgæslunni og starfsemi hennar í gegnum tíðina. Starfsemi gæslunnar tengist einnig Sjóminjasafninu með sterkum hætti og stærsti safngripur þess er varðskipið Óðinn. Óðinn var notaður í öllum þorskastríðunum þremur sem við háðum við Breta vegna útfærslu landhelginnar en sú barátta stóð frá því á sjötta áratugnum og fram á þann áttunda með fullnaðar sigri Íslendinga eins og flestum er kunnugt. Varðskipið Óðinn kom til landsins 27. janúar 1960 en skipið var smíðað sem í Álaborg í Danmörku árið 1959 og er 910 tonn að stærð, 63 metrar á lengd og 10 metrar á breidd. Eiríkur Kristófersson sem er einn af þekktustu skipherrum sem starfað hafa hjá Landhelgisgæslunni sigldi skipinu heim en hann lét af störfum sökum aldurs um tveimur árum síðar. Sigurður Steinar Ketilsson var skipherra í síðustu ferð Óðins en hann en nú er skipherra á Týr. Birgir Vigfússon fyrrum stýrimaður og skipstjóri er umsjónarmaður Óðins þar sem hann liggur fastur við bryggju við hliðina á Kaffivagninum á Grandagarði. Tíðindamaður settist niður með Birgi í stofu skipherrans um borð í Óðni og leitaði fróðleiks af þessu sögufræga skipi.

Birgir segir að upphaf þess að ákveðið var að varðveita Óðinn með þessum hætti megi rekja til þess að stofnuð voru hollvinasamtök um skipið þann 26. október 2006. “Björgum Óðni sögunnar vegna” hafi verið einkunnarorð félagsins sem stofnað var að frumkvæði Sjómannadagsráðs eftir tillögu Guðmundar Hallvarðssonar, þáverandi alþingismanns og formanns ráðsins. Árið 2002 leit út fyrir að skipið yrði selt úr landi þegar þjónustu þess hjá Landhelgisgæslunni yrði lokið. Hollvinasamtökunum var ætlað að berjast fyrir því að fá skipið til eignar því þannig væri hægt að varðveita sögu þorskastríðanna og einnig að verulegu leyti björgunarsögu Landhelgisgæslunnar. Það var síðan í lok maí árið 2008 sem gengið var frá samkomulagi um afhendingu skipsins og að Sjóminjasafnið yrði ábyrgur aðili fyrir varðveislu þess. Óðinn var festur við bryggju með þar til gerðum festinum sem færast til eftir hæð sjávar í mars 2008. Birgir kom til starfa við skipið síðla árs það sama ár fyrst sem sjálfboðaliði ásamt fleirum en hefur verið í 40% starfi við umsjón þess frá árinu 2009.

Birgir Vigfússon umsjónarmaður Óðins í kapteinsstólnum í brúnni.

Í öllum þorskastríðunum

En hvað er svona merkilegt við sögu Óðins. Birgir segir að það sé tvímælalaust vera notkun skipsins í öllum þremur þorskastríðunum við Breta á 20. öldinni. Varðskipið Óðinn tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum á 20. öldinni. Öflugasta vopn skipsins var 57 mm. fallbyssa, staðsett á palli fyrir framan brúna. Þekktasta og árangursríkasta vopnið í þorskastríðunum voru þó togvíraklippurnar, sem sjá má á afturdekki skipsins. Óðinn reyndist sérlega vel sem björgunarskip. Hann dró alls tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Einnig dró hann flutninga- og fiskiskip fjórtán sinnum úr strandi. Þá bjargaði skipið áhöfnum strandaðra skipa þrisvar sinnum og tvisvar bjargaði það áhöfnum sökkvandi skipa. Óðinn sinnti almennu veiðieftirliti alla tíð og beindist það bæði að íslenskum og erlendum skipum. Fylgjast þurfti með hvar var veitt og hvernig veiðarfærin voru. Einnig var Óðinn oft kallaður til þegar ófærð var í landi og erfiðleikar við fólks- og vöruflutninga, ekki síst í afskekktustu byggðum landsins.

Varðskipið Óðinn þar sem það hefur verið fest við bryggju skammt frá Sjóminjasafninu.

Erfið björgun á Ísafjarðardjúpi

Birgir nefnir eina björgunarsögu en það er björgunaraðgerð sem fram fór í Ísafjarðardjúpi 1968 þegar skipverjum af breskum togara sem strandað hafði undir Snæfjallaströnd var bjargað við hrikalegar aðstæður undir stjórn Sigurðar Þ. Árnasonar. Af öðrum þekktum skipherrum sem stýrðu Óðni má nefna Helga Hallvarðsson bróðir Guðmundar Hallvarðssonar og einnig þá Ólaf Val Sigurðsson og Sigurjón Hannesson sem báðir eru nýlátnir.

Dráttarbáturinn Magni og varðskipið Óðinn. Kaffivagninn í baksýn.

Forsetaherbergi um borð

Í skipinu er sérstakt herbergi sem kallað er forsetaherbergi vegna þess að skipið sigldi með forseta Íslands á sínum tíma. Birgir segir að fleira fólk hafi notið herbergisins því oft haf verið farið með lækna, ljósmæður og fleira fólk til ýmissa staða úti á landi þegar mikið hafi legið við. Varðskipin hafi verið kölluð til þegar óveður og ófærð stofnuðu lífi fólk í hættu.

Gamlir skipverjar hittast

Eitt af því sem gamlir skipverjar af Óðni og félagar í Hollvinafélaginu gera er að hittast einu sinni í mánuði utan sumarmánaðanna í borðsal Óðins, fá sér kaffi og spjalla saman. Birgir segir að men hafi mjög gaman af þessum samkomum, rifja upp gamla daga og halda í þessi tengsl sem tengjast skipinu. Við köllum þetta Óðinskaffi og men vilja alls ekki missa af því. Það eru oft um 40 manns á þessum skemmtilegu kaffisamkomum, segir Birgir.

Fimm tonna trillan Faxi RE 147 sökk við smábátabryggjuna í gömlu höfninni í Reykjavík í september 2008. Hér verið að lyfta henni úr sjónum og dráttarbáturinn Magni notaður við verkið.

Verður Magni líka varðveittur?

Við sömu bryggju og Óðinn er fastur við liggur gamli dráttarbáturinn Magni. Skipið er vélarvana enda árabil síðan það var tekið úr notkun. Nú er unnið að því að stofna hollvinasamtök um framtíð þess með varðveislu fyrir augum. Magni var byggður hér á landi eftir teikningum og undir umsjón Hjálmars R. Bárðarsonar skipaverkfræðings og skipaskoðunarstjóra. Verði þær hugmyndir að veruleika verða væntanlega tvö skip í höfninni sem eru stór hluti af sögu hennar og starfsemi í gegnum tíðina.

BIKE CAVE
Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook
Sími: 770-3113

Viltu vinna fallega Kubus skál undir þínar rúsínur?

Þú kaupir tvo poka af Síríus súkkulaðirúsínum, sendir mynd af kvittuninni á leikur@noi.is og þú gætir unnið sígilda Kubus skál frá Epal.

NÓI SÍRÍUS

by Lassen. Copenhagen

Kubus skálin er 14 cm og klassísk dönsk hönnun eftir arkitektinn Mogens Lassen frá árinu 1962.

epal

Nemendur úr Landakotsskóla á Gígjajökli og Fimmvörðuhálsi

Nemendur úr Alþjóðadeild D og 8. bekk Landakotskóla fóru í vettvangsferð í Þórsmörk á liðnu vori. Þar gengu þau á Gígjökul og hluta Fimmvörðuháls, skoðuðu fossa og hella, kveiktu varðeld og borðuðu úti í náttúrunni.

Með í för voru Micah og Fergus, kennarar úr Alþjóðadeild og ferðaðist hópurinn á bílum sem Arctic Adventures og Ellen Gunnarsdóttir lánuðu þeim til fararinnar. Hér má sjá fleiri myndir úr þessari skemmtilegu ferð.

Myndin var tekin á Kjarvalsstöðum.

Mikið fjör var í sumarfrístund Miðborg-Hlíða síðast liðinn mánuð og ýmislegt brallað.

Byrjað var á að fara á sýningu Louisu Matthíasdóttur á Kjarvalsstöðum og daginn eftir voru búin til lítil sæt tröll. Árbæjarsafnið var heimsótt með öllu tilheyrandi, þar á meðal kassabílum, svo var farið á leikvelli víðsvegar um bæinn. Blóðbankinn og Samgöngustofa voru heimsótt og líka má segja frá því að gengið var á Esjuna og stóðu börnin sig eins og hetjur allan tímann.

SKIPTINÁM MEÐ MUNDO

Viltu verða reiprennandi á nýju tungumáli? Kynnast öðruvísi menningu? Stíga út fyrir þægindarammann? Eignast nýja vini og heimili í öðru landi?

Ef þú vilt nýta árið sem þú græðir á nýju þriggja ára framhaldsskólakerfi vel og gera það ógleymanlegt, þá ættirðu íhuga skiptinám í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýsklandi eða á Spáni með Mundo.

Ekki missa af besta ári lífs þíns.

Innritun stendur yfir - hafðu samband núna!
margrét@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is

Allar nánari upplýsingar á mundo.is

Aftur opið á Aflagranda

- ástæða til að hvetja fólk til að nýta sér félagsstarfið

Vert er að geta um opnunartíma í félagsmiðstöðinni á Aflagranda 40. Vegna viðhaldsvinnu var félagsmiðstöðin lokuð frá 11. til 19. júlí en frá 20 júlí til 11. ágúst verður húsið opið frá kl. 10.00 til 14.00 en eftir það fer starfsemi í hefðbundin farveg.

Margir einkum heldri borgarar líta á félagsmiðstöðina sem hluta af daglegu lífi sínu og sækja þangað ýmiskonar viðburði að ógleymdum mat í hádeginu og kaffi og meðlæti miðdegis. Að undanförnu hefur verið lögð aukin áhersla á félagsstarf sem höfðað getur til fleiri og fjölbreyttari hópa enn hinna heldri eða þeirra sem komnir eru á eftirlaunaskeið og hefur bil kynslóða verið að minnka í félagsstarfinu. Má í því sambandi minna á yngri mæður hafa verið að koma með börnin sín og eiga stund saman og ýmislegt fleira mætti telja. Full ástæða er til þess að hvetja fólk – heldra sem yngra til þess að koma og nýta sér félagsstarfið og þá góðu stemningu sem jafnan ríkir á Aflagranda 40.

Hópur fólks kemur reglulega saman á Aflagranda og tálgar hina ýmsu hluti úr tré.

Vesturbæjarblaðið AUGLÝSINGASÍMI 511 1188

VÖNDUÐ SMÁHÝSI

NormX framleiðir hér innanlands vinsæl og vönduð smáhýsi sem nýtast við allskonar aðstæður.

Vandað fulleinangrað 14.9m² hús - eitt rými með baði og kaffihorni er vinsælasta útfærslan.

Rehau gluggar og hurðir. Vandaður panell festur með ryðfríum skrúfum. Ath! Húsin eru framleidd í mörgum útfærslum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐUR

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

HB
HÚSGAGNA BANKINN

Lagersala

Faxafen 10 - opið frá 13.00 - 18.00 virka daga

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is

98.000
Sjónvarpsskápur
135 x 45 sm - h. 55 sm

59.000
Hliðarborð
90 x 40 sm - h. 86 sm

34.000
Hyper Wide stóll
50 x 45 sm - h. 98 sm

39.000
Chippendale stóll
55 x 45 sm - h 105 sm



137.000
Vanessa skenkur
175 x 50 sm - h. 92 sm

147.000
Chippendale skenkur
180 x 64 sm - h. 100 sm

285.000
Chippendale skápur
180 x 55 sm - h. 225 sm

159.000
Glerskápur
120 x 45 sm - h. 195 sm

104.000
Glerskápur
70 x 40 sm - h. 190 sm

94.000
Hornskápur
76 x 55 sm - h. 190 sm

104.000
Hornskápur
100 x 55 sm - h. 190 sm

89.000
Davenport skrifpúlt
55 x 65 sm - h. 95 sm

175.000
Rafknúinn hægindasófi
Klæddur í sterkt áklæði

34.000
Blaðgrindarborð
58 x 40 sm - h. 65 sm

49.000
Teborð með bakka
75 x 50 sm - h. 75 sm

48.000
Viktorian innskotsborð
60 x 45 sm - h. 60 sm

104.000
Campaign skrifpúlt
112 x 65 sm - h. 93 sm

169.000
Rafknúinn
hægindastóll
Alklæddur í ekta leður

149.000
Rafknúinn
hægindastóll
Alklæddur í ekta leður

89.000
Rafknúinn
hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði

59.000
Hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði

59.000
Hægindastóll
Snúningur og rugga
Klæddur í sterkt áklæði

13.000
Stytta
Wise ugla
15 x 14 sm h. 23 sm

12.000
Bluedio Air
AS (Air) þráðlaus Wi-Fi
Bluetooth hátalari

12.500
Bluedio Air
Þráðlaus heyrnatól
Frábær hljómgæði

15.500
Bluedio R+ Legend
Þráðlaus heyrnatól
SD kortaspilari

36.000
ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni
Blautmoppun, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð

46.000
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
Ósýnilegur veggur, fjarstýring,
fallvörn og heimastöð

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

Skráningar í fermingarfræðslu í Neskirkju

veturinn 2017 til 2018 eru hafnar á slóðinni: neskirkja.is

HAMBORGARA Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla

Setjum undir á staðnum

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

Heilbrigðar, útiteknar, stæltar og sælar eru orð sem lýsa best konunum þrjátíu og þremur sem gengu inn í Santiago de Compostela þann þrettánda júní. Á myndunum sem teknar voru í ferðinni má þekkja allnokkrar konur úr Vesturbæ og Seltjarnarnesi

Á fjórða tug kvenna gengu Jakobsveginn á dögunum

Heilbrigðar, útiteknar, stæltar og sælar eru orð sem lýsa best konunum þrjátíu og þremur sem gengu inn í Santiago de Compostela þann þrettánda júní. Að baki voru mismargir kílómetrar. Allnokkrar þeirra höfðu gengið frá St. Jean Pied de Port í Frakklandi og til Burgos í fyrra en það eru 300 km. Enn aðrar hjóluðu frá Burgos til Astorga (240 km) og gengu svo afganginn frá Astorga til Santiago de Compostela á Spáni (310 km) allt í sömu ferðinni nú í júní. Hvort sem þær höfðu farið 300 eða 850 km þá höfðu þær allar farið langt langt út fyrir þægindaramma sinn með því að fara þessa stórkostlegu pílagrímaleið. Sú yngsta var rúmlega fertug og sú elsta tæplega sjötug. Allar deildu þær áhuganum að ganga úti í náttúrunni og njóta samvista við aðrar konur sem hafa sama áhugamál og vilja vinna með sig.

Íslendingar hafa allt frá miðöldum gengið Jakobsveginn og tæplega tvö hundruð manns hafa farið þessa leið með ferðaskrifstofunni Mundo ýmist gangandi eða hjólandi. Margrét Jónsdóttir Njarðvík eigandi ferðaskrifstofunnar Mundo er spænskufræðingur og hefur mikinn áhuga á heilbrigðu líferni og lífsstíl. Því eru þessar ferðir henni mikið hjartans mál. Aðspurð segir hún að pílagrímaferðin sé svo miklu meira en ferðin sjálf. Undirbúningurinn einn og sér er bæði spennandi, heilsueflandi og skemmtilegur. Frá því að hún fór að bjóða upp á pílagrímaferðirnar hefur hún gengið umhverfis Reykjanesið, þrætt öll hverfi í Reykjavík og Kópavogi, gengið frá Strandakirkju í Skálholt og er nærri því búin að ganga frá Húsafelli í Skálholt. Allt þetta skipuleggur hún í áföngum og í því skyni að undirbúa farþega sína fyrir leiðina. "Því má líkja ferð á stíginn við dvöl á heilsuhæli" segir hún "Þeir sem halda á stíginn í góðu formi koma heim í frábæru formi og þeir sem halda á stíginn í sæmilegu formi koma heim í góðu formi. Allir fara á sínum hraða og þó farið sé í hópum ganga iðulega ekki fleiri en tveir og tveir saman. Þar fyrir utan er gengið í þögn fram að hádegi og hentar það fólki vel. Það er gott að fá tíma með sjálfum sér í náttúrunni og gott að fá næði til að leita inn á við. Fararstjórarnir í kvennaferðum Mundo eru afar fjölbreyttur hópur og í ár fóru fyrir hópnum auk Margrétar Elínborg Sturludóttir prestur, Kristín Sigurðardóttir bráða og slysalæknir sem og Þórhalla Andrésdóttir sjúkraþjálfari. Saman mynduðum við ósigrandi teymi sem gat tekið á öllu sem kom uppá.

Fóru af einskærum áhuga á þessari sögulegu leið

Flestar konurnar sem fóru í ferðina gerðu það af einskærum áhuga fyrir þessari sögulegu leið. Talið er að hún sé ein af leiðunum til Guðs eins og Róm og Palestína en heilagur Jakob var lærisveinn Jesús og "fundust" jarðneskar leifar hans þar sem dómkirkjan í Santiago, eitt helsta djásn rómanískrar byggingarlistar, stendur í dag. Í aldanna rás hefur fólk farið leiðina til að vinna yfirbótaverk, til að standa við heit sín eða til að fá bót meina sinna. Og það er satt - stígurinn er lifandi kraftaverk. Á stígnum tengir fólk saman hug, líkama og sál nokkuð sem gleymist svo oft í dagsins önn. Kyrrðin í náttúrunni, fegurðin, sagan og félagsskapurinn virkar þannig á fólk að það valdeflist svo um munar og enginn kemur samur heim.

Bíl ekið í gegnum grindverk við leikskólann Sæborg

- gatan lítur út eins og hraðbraut, segir Gísli Marteinn

Í liðinni viku var bíl ekið í gegnum grindverk við leikskólann Sæborg við Starhaga. Talið er að bifreiðarstjórinn hafi sofnað við stýrið með þessum afleiðingum. Soffía Þorsteinsdóttir skólastjóri hefur látið hafa eftir sér að ef börn hefðu verið að leik fyrir innan girðinguna þegar þetta gerðist hefði getað farið mjög illa.

Gísli Marteinn Baldursson fjölmiðlamaður ræðir málið á Twitter og segir að jafnvel þótt ólíklegt sé að hraðakstur hafi valdið þessu hafi bílstjórinn verið sofandi, sem sé reyndar stórfurðulegt enda nýbúinn að taka vinstri beygju inn af Ægisíðu þá hafi málið vakið upp umræður um umferðaröryggi á Starhaganum. Hann segir íbúa þar hafa kvartað undan hraðri umferð og séu reyndar ekki einir um það því í hverri einustu götu í Reykjavík hafi verið beðið um hraðahindranir af einhverju tagi. Síðan segir Gísli Marteinn. "En lítum aðeins á Starhagann. Af hverju er ekið svona hratt þar Tvennt blasir við. Í fyrsta lagi er gatan einstefna. Það hefur verið margsýnt fram á að einstefnugötur auka hraða. Í öðru lagi er Starhaginn fáránlega breiður. Gatan er 9,92 metrar að breidd, þrátt fyrir að vera bara ein akrein. Til samanburðar má nefna að Miklabrautin á móts við Miklatún er 7,38 metrar að breidd og hún er tvær akreinar. Það má að vísu leggja beggja vegna Starhagans, en þar eru iðulega fáir bílar, enda eru öll húsin í götunni með að minnsta kosti eitt bílastæði inni á lóð og flest fleiri en það. Gatan lítur því út eins og hraðbraut." Við þetta má bæta að Starhaginn er eina tenging Ægisíðunnar við Suðurgötuna. Þá má einnig geta þess að næsta gata norðan við Starhagann er Lynghagi sem er einstefnu íbúðagata til vesturs og er hún eina tengingin af Suðurgötu yfir á Ægisíðu. Mikil bílaumferð er jafnan um Lynghagann ekkert síður en Starhaga.

Hér má sjá bílinn þar sem búið var að aka honum í gegnum grindverk við leikskólann Sæborg við Starhaga.
Mynd Erla Gísladóttir.

Góð kynni af hverfiskirkjunni

Foreldrar fermingarbarna ánægðir með fræðsluna í vetur

Safnaðarheimilið iðar af fjöri í ágúst þegar haustnámskeið fermingarfræðslunnar hefst. Þarna hittast börnin áður en námið í Hagaskóla hefst. Dagskráin er fjölbreytt og börnin fá hressingu og heita máltíð í hádeginu. Í byrjun september fer hópurinn svo í Vatnaskóg þar sem þau gista í tvær nætur. Sú ferð vekur lukku en við erum lánsöm að komast að á þeim tíma, þegar börnin geta farið út á bátum og leikið sér í guðsgrænni náttúrunni. Yfir veturinn eru svo reglulegir viðburðir með börnum og foreldrum.

Foreldrar fylltu út matsblað við lok fræðslunnar nú í vor. Þar kom fram mikil ánægja með starfið í vetur. Þótti foreldrum vel tekið á móti börnunum og að reynslan hefði verið einstaklega góð. Sumarnámskeiðið fékk einkar góða einkunn en 90% hópsins sögðust hafa líkað vel, eða mjög vel við það fyrirkomulag.

„Virkilega gaman að sjá hvernig fermingarbarnið fór frá því að þykja þetta „halló" í það að þykja þetta „spennó", skrifaði eitt foreldrið á blaðið. Þessi og fleiri ummæli glöddu okkur sem stóðum að fræðslunni. Slík orð og mörg sambærileg eru hvatning fyrir okkur að gera enn betur og vanda áfram til allra verka.

Skráning stendur nú yfir í fermingarfræðslu næsta vetrar á vef kirkjunnar, neskirkja.is. Við hlökkum til að hitta unglingana og aðstandendur þeirra í haust. Skráningar í fermingarfræðslu í Neskirkju veturinn 2017 til 2018 eru hafnar á slóðinni: neskirkja.is

Skúli S. Ólafsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

VÞ HURÐIR
Sími: 567-3440 • vagnar.is • vagnar@vagnar.is



BÍLSKÚRSHURÐIR

Smíðum hurðar eftir málum hverju sinni. Eigum alla varahluti til á lager og því hægt að gera við skemmda hurð frá okkur samdægurs.

Minnst 15.000 opnanir sem jafngildir 20 ára endingu miðað við 2 opnanir á dag 365 daga ársins. Einangrun í hurðunum er úr polyuretan sem hefur tvöfalt einangrunar gildi á við polystyren og dregur einnig síður í sig vatn. Hafðu samband í dag og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum.

Bílskúrshurðir

Hágæða íslensk framleiðsla

Stílhreint og nútímalegt útlit

Framúrskarandi einangrun og þéttingar

Mikill styrkur gegn vindálagi og veðrun

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR & ÞJÓNUSTA
Tunguháls 10,
110 Reykjavík
567-3440
vagnar@vagnar.is
www.vagnar.is

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA
S: 562 5999 S: 669 5999
FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Gamansögur af íslenskum sjómönnum

Nýverið kom út hjá Bókaútgáfunni Hólum bókin Híf opp! og inniheldur hún gamansögur af íslenskum sjómönnum. Höfundur bókarinnar er Guðjón Ingi Eiríksson og hefur hann leitað efnis víða. Þarna koma meðal annars við sögu Eiríkur Kristófersson, Magni Kristjánsson, Jón Berg Halldórsson, feðgarnir Oddgeir og Addi á Grenivík, Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Lási kokkur, Einar í Betel, Binni í Gröf, Snæbjörn Stefánsson, Fúsi Axels, Ingvi Mór, Slabbi djó, Doddi hestur og Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Eru þá sárafáir upp taldir.

Hér á eftir koma nokkrar sögur úr bókinni:

Þeir Einar í Betel og Óskar Magnús, bróðir hans, gerðu út Gæfuna VE og var sá fyrrnefndi vélstjóri, en hinn skipstjóri.

Eitt sinn voru þeir bræður á bátnum austur við Hjörleifshöfða. Þriðji maðurinn um borð var Georg Stanley Aðalsteinsson, lunkinn náungi sem sagður var eiga auðvelt með að leysa hin margvíslegustu vandamál, ef ekki á borði þá að minnsta kosti í orði.

Skyndilega sjá þeir skipsfélagar að varðskipið Albert kemur öslandi í áttina að þeim. Gæfumenn voru að veiðum innan landhelginnar og því voru góð ráð dýr.

„Tala þú við þá," sagði Einar við Stanley.

„Nei", svaraði Stanley.

„Stanley minn, tala þú við þá," hélt Einar áfram í sínum blíðasta rómi.

„Nei, kemur ekki til greina," svaraði Stanley eldsnöggt, „þetta er ykkar mál, þið eruð eigendur bátsins, skipstjóri og vélstjóri, en af hverju segið þið bara ekki að þetta séu algjör mistök, bátinn hafi rekið óvart inn fyrir og þið biðjist fyrirgefningar á því."

„Stanley, Stanley, minn," svaraði Einar að bragði, „þetta er góð hugmynd, en það er betra að þú talir við þá, þú ert vanari að skrökva."

*

Guðbjörn Haraldsson segir svo frá fyrsta túrnum sínum á Hafliða SI-2 árið 1963:

Í fyrsta túrnum mínum vorum við nokkrir guttar, þetta 14 til 15 ára, að fara í fyrsta sinn á sjó. Þetta voru meðal annarra Júlli litli og Beggi Árna, Óli Jó heitinn, Stjáni Holla og fleiri.

Þegar við vorum að leggja frá kallaði Maggi Guðjóns frá bryggjunni og spurði hvort að eitthvað hefði nú ekki gleymst.

„Hvað áttu við?" var kallað á móti.

„Nei," sagði Maggi, „mér fannst bara vanta sandkassann og rólurnar."

*

Í gamla daga tíðkaðist það að krakkar gengju í hús á Sauðárkróki og seldu Sjómannadagsblaðið á sjómannadaginn. Þeirra á meðal var Hjalti Jósefs. Hann bankaði meðal annars upp á hjá Sveini blinda Ingimundarsyni í Græna húsinu og bar upp erindið, kurteisin uppmáluð.

„Ég get nú ekki lesið þetta," sagði Sveinn.

Hjalti gaf sig ekki og kom með krók á móti bragði að hann hélt:

„En þú getur þá alltaf skoðað myndirnar."

*

Snæbjörn Stefánsson, lengi stýrimaður og síðar skipstjóri á skipum Kveldúlfs, var að segja gömlum og reyndum sjómanni fyrir verkum. Virtist maðurinn eiga erfitt með að skilja hvað átt væri við og þegar Snæbirni fór að leiðast þófið benti hann á hálsinn á sér og sagði:

„Þú ert góður hingað."

*

Það var í Lónsbugtinni fyrir mörgum áratugum síðan. Minni skipin máttu veiða nær landi en þau stærri og mörg voru um hituna.

Á þessum tima þurftu sum skip



Bókarkápa hinnar nýju bókar og myndin er að sjálfsögðu tekin út á sjó.

að taka svokallaðar saltfiskprufur. Þá voru flattir nokkrir þorskar úr hverju holli og kannað hvort að mikið eða lítið væri um orma í þeim.

Auðunn Auðunsson var þarna með Hólmatind frá Eskifirði og Ragnar Franzson með Þorkel Mána úr Reykjavík. Þessir togarar tilheyrðu stærri skipunum á þessum slóðum og fiskuðu vel.

Svo gerðist það eitt sinn að Ragnari þótti Auðunn vera kominn býsna nálægt landi – meira en hann mátti. Gat hann ekki orða bundist á þessu athæfi kollega síns og sagði kíminn við fyrsta stýrimann sinn:

„Það verða ekki ormar í prufunum hjá Auðunni. Það verða ánamaðkar."

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á GÓÐU VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

KR vann festa Íslands-meistaratitla í borðtennis

Sigurliðin í 1. deild karla og kvenna. Mynd: Erling Aðalsteinsson.

KR vann flesta Íslandsmeistaratitla í borðtennis 2016 til 2017. Á keppnistímabilinu var keppt um 44 Íslandsmeistaratitla í borðtennis. KR vann flesta titla eða 16 en Víkingur vann einum titli minna eða 15 alls. KR vann flesta titla í fullorðisflokkum en Víkingur vann flesta titla í unglingaflokkum og öldungaflokkum. Það er öfugt við síðustu ár, þegar KR hefur unnið flesta titla í unglingaflokkum en Víkingur flesta titla í fullorðinsflokkum.

KR varð Íslandsmeistari í 1. deild kvenna og en það gerðist síðast árið 2009.

Íslandsmeistaratitlar dreifðust meira á einstaklinga en oft undanfarin ár. Ásta M. Urbancic, KR vann flesta titla eða fjóra alls, ásamt Inga Darvis Rodriquez úr Víkingi. Ásta vann tvo titla í meistaraflokki og tvo í öldungaflokki en Ingi vann ferfalt í sínum unglingaflokki. Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir vann þrjá titla, eins og nokkrir aðrir leikmenn úr öðrum félögum. Aldís Rún Lárusdóttir, KR, Ásta M. Urbancic, KR, Kári Ármannsson, KR og Kári Mímisson, KR unnu flesta Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki, tvo hvert. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, KR, vann tvo titla í fullorðinsflokki, einn í meistaraflokki og einn í 1. flokki.

Bjerregaard semur við KR

Knattspyrnudeild KR hefur ná samkomulagi við danska úrvalsdeildarliðið AC Horsens um kaup á danska sóknarmanninum André Bjerregaard.

André er 25 ára og getur spilað bæði sem kantmaður og framherji. Hann er hávaxinn, fljótur og sterkbyggður og hefur leikið 179 leiki fyrir Horsens og skorað 25 mörk.

Frábært AMÍ í sundi

Sunddeild KR keppti í lok júní á aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) undir merkjum Íþróttabandalags Reykjavíkur ásamt Fjölni og Ármanni. Saman enduðum þau í þriðja sæti í heildarstigakeppninni og eignuðust nokkra aldursflokkameistara.

Herdís Viggósdóttir varð aldursflokkameistari í bæði 100 m og 200 m bringusundi. Björgvin Árni Júlíusson tók titilinn í 400 m fjórsundi, Logi Freyr Arnarsson í 800 m skriðsundi og Kári Björn Baldursson í 100 m bringusundi en þetta var jafnframt hans fyrsta AMÍ.

Lið ÍBR varð svo aldursflokkameistari í 4×100 m fjórsundi 15-17 ára eftir æsispennandi keppni við lið Ægis. Liðið fékk svo fjölmarga silfur og brons peninga.

Þetta var fyrsta AMÍ mótið sem þessi þrjú

Reykjavíkurfélög sameina krafta sína á og þótti það takast afar vel. Það var gríðarlega góð stemning í hópnum og hlakka KR-ingar til áframhaldandi samstarfs með þessum félögum.

Fríður hópur skrifar undir

Þessi fríði hópur KR-inga skrifuðu undir samninga í nýlega.

Sannarlega frábært að njóta krafta þessara leikmanna og bjart framundan í meistaraflokkum körfuknattleiksdeildar KR sem og yngriflokkum deildarinnar. Hlökkum til tímabilsins sem framundan er enda markmiðin skýr og allir munu leggjast á eitt að ná þeim markmiðum.

ÁFRAM KR!"

KR-SÍÐAN

Er ferðavagninn rafmagnslaus?
Þú getur treyst á TUDOR
Fristunda rafgeymar í miklu úrvali,
AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

1X2
GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Rauða ljónið
síðan 1989
HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN
TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM
Alvöru matur
Coca-Cola

TILBOÐSVERÐ

-25%

GROHE

HANDLAUGATÆKI
CONCETTO
11.996 kr.
15332204
Almennt verð: 15.995 kr.

30% AFSLÁTTUR AF GJØCO MÁLNINGU

-38%

Neptum SANITARY WARES

TILBOÐSVERÐ

STURTUHORN
Gler, 80x80x190 cm
25.995 kr.
10705000
Almennt verð: 41.995 kr.

FRAMKVÆMDA DAGAR TIL 31. JÚLÍ

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

-29%

GUSTAVSBERG

TILBOÐSVERÐ

SALERNI
Vegghengt salerni, 53 cm.
31.995 kr.
13002380
Almennt verð: 44.995 kr.

-50%

TILBOÐSVERÐ

HANDLAUG
SEVILLA 560x450x160 mm.
9.995 kr.
10708505
Almennt verð: 19.795 kr.

TILBOÐSVERÐ

SANPLAST
BAÐKER
Akrýl 170x70 cm.
27.995 kr.
10702130
Almennt verð: 47.425 kr.

-41%

-46%

Krono Original

TILBOÐSVERÐ

HARÐPARKET
ELEGANT OAK 192x1285x8 mm
1.195 kr./m²
0113448
Almennt verð: 2.195 kr./m²